



Keppni yngri flokka KKÍ

Ítarefni 13. nóvember 2021

Almennt

Þetta efni er viðbót við Leiðbeiningar um framkvæmd æfinga og keppni aðildarféлага KKÍ og HSÍ og snúa að mótum og leikjum yngri flokka í körfubolta.

Það er nauðsynlegt að leiðbeiningum sé fylgt í þaula, en minnt er á að það leyfi sem íþróttahreyfingin hefur til æfinga og keppni er undanþága frá almennum sóttvarnarreglum. Ábyrgð íþróttahreyfingarinnar og þeirra er innan hennar starfa er því mikil.

Keppni

Hámarksfjöldi á keppnissvæði er 50, en allir fæddir fyrir 2016 telja með í fjölda. Keppni tekur mið af þeim takmörkunum sem gilda í reglugerð heilbrigðisráðherra.

Áhorfendur

Í keppni yngri flokka er heimilt að taka við 50 áhorfendum, þó þannig að skrá þurfi alla áhorfendur með nafni, kennitölu, símanúmeri og í sæti. Þessir áhorfendur skulu þó halda sig á ytra svæði/áhorfendasvæði, og mega ekki fara inn á keppnissvæði. Heimilt er að banna áhorfendur í þeim íþróttahúsum þar sem engin aðstaða er til að taka við áhorfendum á kappleiki. Gæta þarf að 1 metra fjarlægðarviðmiði auk þess sem grímuskylda gildir á alla í ytra svæði.

Veitingasala

Veitingasala er heimil fyrir viðburð, en er bönnuð í hléi. Starfsmenn í veitingasölu skulu nota grímur og einnota hanska. Eingöngu er tekið við rafrænum greiðslum. Sérstök aðgát skal höfð með hópamyndun í kringum veitingasölu, raðir skulu skipulagðar með merkingum á gólfi.

Skráning/rakning

Starfsmenn liða skulu hafa allar upplýsingar um þátttakendur í kappleik á reiðum höndum.

Umsjónarmaður leiks skal vera með nöfn og símanúmer þeirra starfsmanna er starfa á heimaleikjum.



Fjölliðamót

Við núverandi takmarkanir er, í sumum tilfellum, mögulegt að leika fjölliðamót. Hægt er að skipta íþróttahúsi í tvö svæði, annars vegar keppnissvæði (inngangur keppenda, búningsklefar, gangar að leikvelli og leikvöllur) og hins vegar í ytra svæði/áhorfendasvæði (inngangur áhorfenda, áhorfendapallar). Engin blöndun skal vera milli svæða.

Þar sem leikmenn á grunnskólaaldri telja með í fjöldatakmörkun þarf að gæta að engin blöndun verði á milli riðla eða við aðra starfsemi í mannvirkinu. Í hverju liði geta því verið mest 8 leikmenn og einn þjálfari. Að sama skapi þurfa sömu dómarar að dæma alla leiki riðils sama dag og sama ritaraborð þarf að vera til staðar alla leiki sama dags. Þetta kemur til af því að 50 manna takmörkunin á við um þann hóp, eða þá bubblu sem hittist í tengslum við þessa leiki. Um leið og farið er að skipta út starfsmönnum leikja, leikmönnum eða þjálfurum er bubblan farin að telja fleiri en 50 manns. Ef þetta er ekki hægt, þá þarf að finna aðrar leiðir til að spila þá leiki sem annars eiga að vera í fjölliðamóti.

Minnibolti

Hámarksfjöldi liða í riðli eru 5. Aðeins einn þjálfari getur fylgt liði inn á keppnissvæði. Þjálfari getur ekki farið á milli keppnissvæða, þar sem það er orðin blöndun milli sóttvarnarsvæða.

Keppnishaldari þarf að gæta að því að ekki verði fleiri en 50 samtals í hverri bubblu. Gæta þarf þess sömuleiðis að við skipti milli riðla í keppni verði gefið hlé til að tæma keppnissvæði áður en næsta riðill kemur að.

7. og 8. flokkur

Hámarksfjöldi liða í riðli eru 4, að öðrum kosti verður að leika riðil heima og að heiman. Gæta þarf þess að ekki verði fleiri en 50 sem koma að hverjum riðli, hvort sem það eru leikmenn, þjálfarar eða starfsmenn leikja.

Áhorfendur

Aðeins er hægt að taka við áhorfendum sé til þess aðstaða. Áhorfendur eiga ekki að vera á keppnisgólfi, nema sérstök og afmörkuð aðstaða sé til þess. Heimilt er að taka við allt að 50 áhorfendum á leiki yngri flokka, en gæta þarf að 1 metra fjarlægðarviðmiði auk þess sem grímuskylda gildir á alla í ytra svæði. Áhorfendur mega ekki koma inn á keppnissvæði.

Viðvera

Liðin mæti ekki meira en 15 mínútum fyrir fyrsta leik og yfirgefa íþróttahúsið strax eftir seinasta leik.

Sóttvarnir - Þrif

Þegar hverjum riðli er lokið skal sótthreinsa alla snertifleti (huga sérstaklega að hurðarhúnum, varamannabekkjum). Við alla innganga skal tryggja aðgang að sótthreinsandi vökva fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á. Hvatt er til góðs samráðs við umsjónarmenn íþróttamannvirkja um umgengni og þrif mannvirkja.



Deildarleikir

Í deildarleikjum yngri flokka (9., 10., drengja-, stúlkna- og unglingaflokkur) gildir eftirfarandi. Þessar leiðbeiningar ná líka til annarra stakra leikja, hvort sem um er að ræða staka leiki í fjölíðamótum eða æfingaleikja milli félaga. Hægt er að skipta íþróttahúsi í tvö svæði, annars vegar keppnissvæði (inngangur keppenda, búningsklefar, gangar að leikvelli og leikvöllur) og hins vegar í ytra svæði/áhorfendasvæði (inngangur áhorfenda, áhorfendapallar). Engin blöndun skal vera milli svæða.

Listi yfir keppnissvæði (hámark 50)

Leikmenn á grunnskólaaldri telja með í fjölda. Hámarksfjöldi leikmanna í hverju liði eru 12 í deildarleikjum og öðrum stökum leikjum. Leikmenn utan skýrslu skulu ekki vera á keppnissvæði.

24	leikmenn (2 lið * 12 leikmenn)
4	starfsmenn liða (2 starfsmenn á lið * 2 lið)
2	dómarar
4	á ritaraborði
2	tölfræði
1	umsjónarmaður leiks
2	streymi frá heimaliði

Samtals: 39

ATH. hverju liði má aðeins fylgja 2 starfsmenn (þjálfari/liðsstjóri). Ekki er heimilt að skipta út einu hlutverki fyrir annað, þó rými sé til þess í viðkomandi hólfi.

Margir leikir í sama húsi

Hópar mega ekki mætast milli tveggja leikja, þar sem sóttvarnarbubblan yrði þá stærri en sem nemur 50 manns. Það er því mikilvægt að þátttakendur leiks bíði þar til þátttakendur æfinga eða fyrri leiks yfirgefa keppnissvæði.

Viðvera

Liðin mæti ekki meira en 30 mínútum fyrir leik og yfirgefa íþróttahúsið strax eftir leik.

Sóttvarnir - Þrif

Þegar hverjum leik er lokið skal sótthreinsa alla snertifleti (huga sérstaklega að hurðarhúnum, varamannabekkjum). Við alla innganga skal tryggja aðgang að sótthreinsandi vökva fyrir hendur og eins víða um rými og talin er þörf á. Hvatt er til góðs samráðs við umsjónarmenn íþróttamannvirkja um umgengni og þrif mannvirkja.

Áhorfendur

Aðeins er hægt að taka við áhorfendum sé til þess aðstaða. Áhorfendur eiga ekki að vera á keppnisgólfi, nema sérstök aðstaða sé til þess. Heimilt er að taka við allt að 50 áhorfendum á leiki yngri flokka, en gæta þarf að 1 metra fjarlægðarviðmiði auk þess sem grímuskylda gildir á alla í ytra svæði. Áhorfendur mega ekki koma inn á keppnissvæði.